

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Gautur Sturluson
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. febrúar 2009
2009020019/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 63. mál

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 11672006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 63. mál. Frumvarpið fjallar um að heimila öllum íslenskum ríkisborgurum fiskveiðar að gefnum ákveðnum forsendum og að veiðarnar verði ekki reiknaðar til aflamarks og hafa ekki áhrif á heildarúthlutun aflamarks til annarra fiskiskipa.

Frumvarp það sem hér um ræðir snýr fyrst og fremst að stjórn fiskveiða og fellur því ekki undir hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Stofnunin vill hins vegar benda á að miðað við forsendur frumvarpsins geta umræddar fiskveiðar orðið töluvert miklar. Vandasamt er því að sjá hvernig er hægt að horfa framhjá hugsanlegu aflamagni þeirra báta sem þetta frumvarp getur átt við. Við vistfræðilegt mat á sjálfbærri nýtingu ólíkra fiskistofna hlýtur að þurfa að skoða heildaraflamagn sem veitt er úr hverjum stofni.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

